



Menntaskólinn á Akureyri

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs 2016-2018

Leiðsögn og starfspróun - *Nýliðakaffi*

Verkefnisstjóri: Hildur Hauksdóttir

UMS 6. 2017- 2018

Efnisyfirlit

Markmið verkefnisins.....	3
Leiðir sem voru valdar til að ná settum markmiðum.....	3
Kynnisferð til Finnlands í október 2017.....	3
Ráðstefnan : Framhaldsskóli í þróun: ráðstefna um rannsóknir og nýbreytni í framhaldsskólum.....	4
Ráðstefna á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.....	4
<i>Nýliðakaffi</i> í MA, 2017-2018.....	4
Frávik miðað við áætlun verkefnisins.....	4
Helstu hindranir eða áskoranir.....	4
Helsti ávinningur verkefnisins, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu.....	4
Mat á verkefninu samkvæmt umsókn: - Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild? ..	5
Niðurstöður verkefnisins:.....	5

Hér á eftir fer lokaskýrsla til Sprotasjóðs vegna þróunarverkefnisins Leiðsögn og starfsþróun – *Nýliðakaffi*.

Markmið verkefnisins

Hér eru markmið verkefnisins eins og þau voru sett fram í umsókn til Sprotasjóðs:

- stofna til sjálfbærs lærdómssamfélags byggt á grunni þróunarverkefnis sem kallað hefur verið „*Nýliðakaffi*“ í MA
- nýir kennarar hitti reyndari kennara með formlegum og markvissum hætti, miðli af reynslu sinni og læri hver af öðrum
- draga úr streitu nýrra kennara og aðstoða þá við að laga sig að nýjum starfsvettvangi
- auka merkingarbæra starfsþróun reyndari kennara í ljósi hugmynda um starfsævilanga kennaramenntun (*lifelong learning*)
- draga með markvissum hætti úr einangrun deilda með því að stuðla að kennslufræðilegri og faglegri umræðu um hvernig hægt er að bæta kennsluhætti og skólastarf þvert á námsgreinar
- styðja við samstarfsmenningu innan skólasamfélagsins

Leiðir sem voru valdar til að ná settum markmiðum

Kynnisferð til Finnlands í október 2017

Í byrjun október 2017 hélt verkefnisstjóri ásamt Maiju K. Kalliokoski framhaldsskólakennara til Finnlands til að kynna sér módelið *Verme* – en segja má að þar sé fyrirmyndin að *Nýliðakaffi* komin. Haldið var í háskólabæinn Jyväskylä en kennaraháskólinn þar er margrómaður og virtur fyrir rannsóknarstarf sitt í þágu kennaramenntunar. Maija hafði stundað þar nám og var verkefnisstjóra til aðstoðar þar sem þurfti túlk sem og að greiða leið okkar inn í hinar ýmsu stofnanir í skólasamfélaginu. Við fengum afar góðar móttökur og eyddum þremur lærdómsríkum dögum í háskólanum auk þess sem við heimsóttum líka tvo skóla í sitt hvoru sveitarfélaginu. Hannu Heikkinen prófessor hafði veg og vanda af dagskránni en undirrituð hafði haft samband við hann til að grennslast fyrir um mögulegt samstarf. Heikkinen hefur stýrt verkefninu *Verme* fyrir hönd rannsóknarstofnunar Kennaraháskólans í Jyväskylä. Í stuttu máli má segja að hér sé um þróunarverkefni að ræða sem hefur öðlast framhaldslíf og fest rætur víðsvegar um Finnland. Starfandi kennarar á grunn-, framhalds- og háskólastigi sækja námskeið á vegum háskólans í því augnamiði að gerast umræðustjórar á starfsþróunarkaffi/fundum þar sem jafningjastuðningur er hryggjarstykkið. Námskeiðið fer fram í nokkrum lotum yfir heilt skólaár og samhliða því æfa kennararnir sig á heimavelli við að stýra slíkum kaffifundum. Reynsla þeirra og upplifun er síðan notuð sem grundvöllur fyrir frekari umræður og endurgjöf í lotunum fyrirnefndu.

Í heimsókn okkar fengum við ítarlega kynningu á *Verme*-verkefninu og mátuðum við íslenskt skólasamfélag með aðstoð sérfræðinga. Að auki heimsóttum við tvo skóla og fengum að setjast niður með *Verme*-fólki og heyra þeirra upplifun og endurgjöf. Í lok heimsóknar okkar til Jyväskylä handsöluðum við samkomulag um frekara samstarf sem lesa má um síðar í þessari skýrslu. Hér má lesa frekar um *Verme* á ensku: <http://osaavaVerme.wixsite.com/Verme/en>

Síðasta daginn af fjórum í Finnlandi héldum við til Helsinki og áttum þar lærdómsríkan fund með kennara sem hefur nýtt sér *Verme* til starfsþróunar nokkur skólaár. Að auki kynntum við okkur skólasamfélag finnskra framhaldsskóla almennt.

Framhaldsskóli í þróun: ráðstefna um rannsóknir og nýbreytni í framhaldsskólum.

Þann 22. september 2017 hélt undirrituð málstofuerindi á ofangreindri ráðstefnu um *Nýliðakaffi*, tilgang þess og afrakstur.

Ráðstefna á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Þann 22. febrúar 2018 sótti verkefnisstjóri ásamt stjórnendum MA ráðstefnu sem bar yfirskriftina *Starfsþróun kennara – forysta og ánægja í skólastarfi*. Megintilgangur með því að sækja ráðstefnuna var að hlýða á Kari Smith prófessor í Noregi sem sérhæft hefur sig í leiðsögn og starfsævilangri kennaramenntun.

Nýliðakaffi í MA, 2017-2018.

Með aðkomu styrksins frá Sprotasjóði var hægt að festa *Nýliðakaffi* í MA enn betur í sessi. Þörfin var mikil því á tveimur skólaárum sóttu ellefu nýir kennarar *Nýliðakaffi*. Fjöldinn var nokkuð fyrirsjáanlegur þar sem talsverð breyting varð á starfsmannahaldi í skólanum enda starfsaldur orðinn hár. Því var hægt að taka á móti þessum nýju kennurum með markvissum og skipulögðum hætti. Námsmatsdagar í MA voru nýttir fyrir *Nýliðakaffi* og hittust nýir kennarar með verkefnisstjóra snemma að morgni námsmatsdags í u.þ.b. klukkustund. Fundinn sat einnig skólasálfræðingur MA sem reyndist dýrmætt í alla staði, ekki síst fyrir nýju kennarana. Að jafnaði má segja að *Nýliðakaffi* hafi verið þrisvar sinnum á önn. Í boði var alltaf gott kaffi og meðlæti. Lagt var upp úr notalegri umgjörð og að þátttakendur upplifðu næði og traust. Skólasálfræðingurinn sat alla fundi sem gagnrýninn vinur (critical friend).

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Verkefnið gekk samkvæmt áætlun að langmestu leyti. Ekki gekk þó upp að kynna verkefnið á Menntakvikun þar sem það rakst á við vettvangsheimsókn til Finnlands sem áður hefur verið komið inn á.

Helstu hindranir eða áskoranir

Helstu áskoranir við verkefnið fólust í tímasetningu á *Nýliðakaffi*. Námsmatsdagar reyndust heppilegastir og þá að morgni áður en aðrir fundir fóru af stað. Þó ekki hafi allir nýir kennarar sótt *Nýliðakaffi* má segja að þátttakan hafi verið afar góð. Lagt var upp með að þátttaka væri ekki skyldug heldur var þetta kynnt sem tækifæri til starfsþróunar.

Helsti ávinningur verkefnisins

Í upphafi var lagt upp með að skólasamfélagið í MA tæki markvissar og með skipulagðari hætti á móti nýjum kennurum. Þetta þótti sérstaklega mikilvægt þar sem fyrirsjáanleg var talsverð endurnýjun í kennarahópi skólans. *Nýliðakaffi* varð til í MA en að finnskri fyrirmynd og hefur það vakið jákvæða athygli á skólanum. Verkefnisstjóri sótt ráðstefnu stjórnenda í framhaldsskólum í Hveragerði í mars 2017 og kynnti þar *Nýliðakaffi* sem árangursríka en jafnframt (fjárhagslega) hagkvæma leið til starfsþróunar.

Ekki sér fyrir endann á samstarfinu sem hófst með heimsókn verkefnisstjóra til Finnlands. Fyrirhuguð er heimsókn finnskra kennara og stjórnenda á haustmánuðum 2019. Vonir standa til að halda ráðstefnu að þessu tilefni í samstarfi við HÍ og HA.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Nýliðakaffi er komið til að vera og sennilega í svipaðri mynd og nú er. Það hefur fest sig í sessi í skólasamfélaginu og kennarasamfélagið er meðvitað og jákvætt gagnvart þessari starfsþróun. Í könnun sem gerð var meðal nýrra kennara í MA sem sóttu *Nýliðakaffi* kom í ljós mikil ánægja með verkefnið og því sem það hafði skilað.

Niðurstöður verkefnisins

Verkefnið hefur sannað gildi sitt í MA og reynst gefandi og lærdómsríkt. Margar spurningar og álitamál brenna á nýjum kennurum sem eru að hefja starfsferil sinn. Í dagsins önn þurfa nýir kennarar að leita ráða og fá stuðning frá samstarfsmönnum sínum sem flestir eru störfum hlaðnir. *Nýliðakaffi* hefur reynst nýjum kennurum vel þar sem hægt er að fara yfir kennslufræðilegar áskoranir sem og starfstengd verkefni skipulega og í næði. Þetta sýndi fyrrgreind könnun á upplifun þátttakenda í *Nýliðakaffi*.

Nýliðakaffi hefst ávallt á því að verkefnisstjóri leggur upp umræðuefni en upp frá því er orðið laust og geta þátttakendur viðrað reynslu sína og lagt fram álitaefni. Þó svo að miðað sé við 45-60 mínútur nægir það oftast ekki og er kannski til marks um hversu margt brennur á nýliðum. Rétt er að komi fram að umræðan hverfist ávallt um málefni skólans, nám og kennslu.

Verkefnið mun halda áfram í MA og bindum við vonir við að geta útfært verkefnið enn frekar. Þannig langar okkur að bjóða fleiri kennurum að vera með á fundum með sama sniði en köllum það Starfsþróunarkaffi. Þessi hugmynd er meira í anda við *Verme*-verkefnið finnska sem áður hefur verið minnst á og byggir á jafningjastuðningi kennara úr ólíkum áttum. Kennarar í MA hafa sýnt því áhuga að koma í starfsþróunarkaffi eftir að hafa fylgst með *Nýliðakaffi* á hliðarlínunni. Þannig væri hægt að fjölga tækifærum fyrir starfandi kennara að ræða nám, kennslu og starfsþróun í notalegu umhverfi og innan vinnuramma.

Frá árinu 2017 hefur verkefnisstjóri heimsótt nemendur í meistaranámi/diplómanámi í kennaradeild HA. Þar hefur hann kynnt *Nýliðakaffi*, tilurð þess og framkvæmd. Einnig hefur *Nýliðakaffi* verið kynnt fyrir öðrum framhaldsskólakennurum og stjórnendum framhaldsskóla á Íslandi. Á eftirfarandi slóð má finna grein sem verkefnisstjóri skrifaði í Skólavörðuna um *Nýliðakaffi* og finnsku fyrirmyndina:

<http://skolavardan.is/raddir/Eru-allir-a-hlaupum-Er-ekki-bara-allt-i-godu/>

Með því að hafa kynnt verkefnið t.d. fyrir stjórnendum annarra framhaldsskóla, vonast verkefnisstjóri til að augu fleiri opnast fyrir því hversu leiðsögn og markviss móttaka nýrra kennara er og verður. Með því að styðja nýja kennara eflast þeir ekki aðeins heldur gefast dýrmæt tækifæri til starfsþróunar fyrir eldri og reyndari kennara.

Leiðsögn er verkefni allra í skólasamfélaginu. *Nýliðakaffi* er tiltölulega einfalt í framkvæmd en skilar merkingarbærri samræðu um kennslufræði og skólamál almennt.

Nýliðakaffi er sjálfssprottið skólaþróunarverkefni en styrkurinn frá Sprotasjóði styrkti vöxt og viðgang þess með afgerandi hætti. Styrkurinn gaf verkefnisstjóra dýrmætt tækifæri til að skoða og læra um fyrirmynd verkefnisins á heimavelli í Finnlandi og samstarf við rannsakendur þar reyndist himnasending og ekki sér enn fyrir endann á því samstarfi. Hægt var að greiða ferðakostnað verkefnisstjóra þegar hann kynnti verkefnið jafnframt þegar hann sótti ráðstefnu tengda starfsþróun. Síðast en ekki síst var hægt að greiða fyrir umgjörð *Nýliðakaffis* og þannig skapa afbragðsaðstæður. Framundan er að sækja ráðstefnu

um leiðsögn nýliða í tungumálakennslu á árinu 2019, koma á fyrrnefndu Starfsþróunarkaffi og sinna verkefnavinnu í skólaþróun með finnskum kollegum sem áður hefur verið minnst á.

Alveg frá því að *Nýliðakaffi* var fyrst ýtt úr vör hefur leynt og ljóst verið unnið að því markmiði að umgjörð þess væri fagleg, skipulögð og jákvæð. Talið var að þannig myndi skólaþróunarverkefnið verða sjálfbært og ómissandi hluti af lærdómssamfélaginu í MA. Sú er nú raunin og er það afar ánægjulegt.